

A og B kærðu í sameiningu til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um synjun á niðurfellingu virðisaukaskatts vegna sendinga með viðtökunúmerin X og Y, sem innihéldu silfurmynt af gerðinni American Eagle Silver Bullion. Kærendur kröfðust þess að fá niðurfelldan virðisaukaskatt vegna nefndra sendinga, á grundvelli þess að myntin væri erlendur gjaldeyrir í skilningi laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 sem félli utan skattskyldusviðs 2. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988.

Tollstjóri tók fram að skv. meginreglum 3. gr. tollalaga og 2. gr. virðisaukaskattslaga bæri að greiða aðflutningsgjöld af öllum vörum sem fluttar væru til landsins nema þær væru sérstaklega undanskildar greiðsluskyldu í tolla- eða virðisaukaskattslögum en slíkar undantekningar bæri samkvæmt almennum og viðteknum lögskýringarsjónarmiðum að túlka þröngt. Í 2. gr. virðisaukaskattslaga kæmi fram að peningaseðlar og mynt teldust vera vara ef þau væru seld sem söfnunargripir og því væri ljóst að hefðbundnir peningaseðlar og mynt væru ekki varningur í skilningi nefnds ákvæðis virðisaukaskattslaga.

Litið var til þess að peningaseðlar og mynt teljast vera hefðbundin þegar gjaldeyrinn er gefinn út af þar til bæru stjórnvaldi viðkomandi ríkis í ótakmörkuðu upplagi og settur í almenna umferð eftir nafnvirði. Hefðbundinn gjaldeyrir væri notaður í öllum viðskiptum innan viðkomandi ríkis en auk þess væri almennt hægt að nota hann í gjaldeyrisviðskiptum í öðrum ríkjum. Í máli þessu væri mynt kærenda útgefin af þar til bæru stjórnvaldi í upprunaríki sínu og teldist þar vera gjaldgeng mynt, líkt og hefðbundin mynt. Aftur á móti væri hún gefin út í takmörkuðu upplagi og seld sérstaklega á hærra verði en nafnvirði í stað þess að vera sett í almenna umferð, eins og gildir um hefðbundna mynt. Þar að auki væri myntin ekki nýtt sem hefðbundinn gjaldmiðill, heldur keypt í söfnunar- eða fjárfestingaskyni, enda væri markaðsvirði hennar töluvert hærra en nafnvirði.

Að þessu virtu var það mat Tollstjóra að silfurmynt af gerðinni „American Eagle Silver Bullion“ teldist ekki vera hefðbundin mynt. Af þeim sökum félli hún undir vörusvið 2. gr. virðisaukaskattslaga sem virðisaukaskattskyld vara og því bæri að greiða 24% virðisaukaskatt við innflutning hennar.